

## Háskólaráð

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Dagný Kristinsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Njörður Sigurjónsson fulltrúi kennara (Teams), Erna Kaaber fulltrúi meistaranema (Teams), Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Leifur Finnbogason fulltrúi grunnema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema (Teams), Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Vignir Freyr Sigurjónsson fulltrúi íbúaráðs

**Fjarverandi:** Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara, Jón Snorri Snorrason fulltrúi kennara

**Áheyrnarfulltrúar:** Stefán Kalmansson gæðastjóri, Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri, Margrét Jónsdóttir Njarðvík (Teams)

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 5.mars 2020 samþykkt samhljóða og hefur verið birt á heimasíðu skólans.

Fundargerð frá fundi ráðsins 16.apríl hefur verið send fundarmönnum. Óskað hefur verið eftir að ábendingar og athugasemdir berist innan viku. Berist engar ábendingar verður fundargerðin skoðuð sem samþykkt og birt á heimasíðu skólans.

#### 2. Skólastarfið á sumarönn

DK og VE fara yfir skólastarfið á sumarönn. Talsverð aukning hefur verið í námi á sumarönn, sé starfið borið saman við fyrri ár. Nokkrum námskeiðum var bætt við námsframboð í grunnnámi. Að auki er boðið upp á tvö námskeið í Háskólagátt og 5 námskeiðum í meistaranámi, en ekki hefur verið boðið upp á nám á þessum námsstigum undanfarin ár. Einnig verða í boði 5 námskeið í júlí, sem eru fyrir fólk utan skóla og meira til þess gerð að efla hæfni fólks.

Skólinn fékk úthlutuðum 25 milljónum króna frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að standa að námsframboði á sumarönn.

#### 3. Staða umsókna fyrir haustönn

Mikil aukning á umsóknum í meistaranámi en umsóknir eru 36% fleiri en á sama tíma í fyrra. Umsóknir í grunnnámi ívið fleiri en á sama tíma í fyrra. Umsóknir í Háskólagátt eru aðeins færri. Margir nemendur hafa fært umsókn um nám á haustönn yfir á sumarönn og nú þegar hafið nám.

Nemendum hefur fjölgað í skólanum á síðastliðnu ári. Gætum verið komin inn með 400 nýja nemendur í skólann á árinu 2020. 65-70% samþykkttra nemenda skila sér í skólann að hausti.

#### 4. Aðgerðir stjórnvalda og hugsanleg áhrif á aðsókn

Rætt um það að fólk getur ekki verið á atvinnuleysisbótum og í skóla á sama tíma. en skv. lögum má fólk á atvinnuleysisbótum taka, að hámarki 10 einingar. Stór hluti nemenda á Bifröst eru í launuðu starfi með námi. Rætt um mikilvægi þessa máls fyrir nemendur og skólann. Einnig rætt um að vekja athygli á þessari stöðu t.d. í fjölmiðlum, ræða við þingmenn kjördæmisins.

#### 5. Fjármál

HS kynnir þriggja mánaða uppgjör. Staðan er að mestu í takt við það sem lagt var upp með. Lítilsháttar minnkun á fjármagnsliðum. Verið er að endurskoða stöðuna og sjá hvernig hægt er að rétta stöðuna við. Skiptir máli að vera með gott bú og frekar með rekstarafgang en tap. Markviss stefna hefur verið í að greiða niður skuldir á síðustu árum. Mikilvægt að nokkur afgangur sé af rekstri svo hægt sé að viðhalda skólahúsnæði og stuðla að framþróun skólans.

#### 6. Sumarstörf fyrir nemendur með aðstoð VMST

Skólinn hefur auglýst störf á vegum VMST. 11 störf hafa verið auglýst, starfstími frá 15.júní- 15.ágúst.

SK kemur með ábendingu um að skólinn útbúi texta og setji á heimasíðu skólans.

#### 7. Gæðamál

SK kynnir stöðuna í gæðamálum. Fyrirhugaðir eru tveir fundir með gæðaráði íslenskra háskóla í júní, 3.júní í tengslum við úttektinni á skólanum í haust. Verður rætt um hvernig þetta verður framkvæmt ef ferðatakmarkanir verði enn við lýði. VE, SK og MJN funda með gæðaráðinu. Árlegur fundur með fulltrúum gæðaráðs 24.júní.

Gæðaráð er komið með nýja heimasíðu: [quef.is](http://quef.is).

Stofnanaskýrslan er á síðustu skrefunum, lokafrágangur í gangi. Bréf frá gæðaráði komið, úttektarnefnd hefur verið birt en í nefndinni sitja 4 erlendir sérfræðingar.

Búið að gera nemendakönnun sambærilega við þær kannanir sem hafa verið gerðar á vegum skólans. Talsverður munur á svörum nemenda, á milli deilda. Talsverð ánægja með Teams fundi kennara með nemendum.

SLE – bendir á að skoða þurfi hvað það sé sem nemendur eru ekki sáttir við. Hvort það sé skólinn, þjónustan, námið o.s.frv.

Rætt um þær ábendingar sem hafa komið frá nemendum.

Prófreglur – endurskoðaðar. DK kynnir breytingar sem eru praktískar. Þessar breytingar verða sendar á deildarforseta og nemendafélag til umsagnar.

Erindi frá nemendum síðan í mars: kæruréttur nemenda vegna einkunna þegar nemandi hefur staðist námskeið. Þessu verði ekki breytt.

BHH- ræðir um þessa niðurstöðu. Innan hans deildar eru nokkrir kennarar sem standa sig ekki vel. Flestir standa sig þó vel.

### 8. Útskrift 20. júní

DK kynnir að skipulag sé á byrjunarreit en ljóst er að hægt verður að halda útskrift með hefðbundnu sniði. Þó þarf að vera skýr krafa skóla að fá að vita hvort nemendur ætli að mæta eður ei, eins með fjölda gesta. Vinna við undirbúning útskriftar er hafin.

### 9. Erindi frá nemendum

EK- Mastersnám í menningarstjórnun. Sendir erindi á SLE og NS.

### 10. Önnur mál

VS fyrir hönd íbúaráðs. Hann kemur á framfæri ábendingu frá íbúa á svæðinu vegna leikvallarins. Hann lítur ekki vel út, rólurnar eru ónýtar og hættulegar. Bent á að hafa samband við sveitarfélagið.

HJ – spyr um auglýsingu varðandi kennsluráðgjafa. En búið er að ganga frá munnlegu samkomulagi við einn umsækjanda. Gert er ráð fyrir því að ekki verði ráðið í hina stöðuna, þar sem breytingar eru innanhúss og hægt að nýta aðila sem fyrir er í starfi.

VE – segir komið að leiklokum hjá sér en þetta er síðasti fundur háskólaráðs sem hann situr. Þakkar fyrir samstarfið. Segir að á þessum fundum hafi mikið verið rætt, skólanum til heilla.

Leifur Finnbogason, formaður nemendafélagsins er að útskrifast, honum er þakkað fyrir samstarfið.

Fundi slitið 15.37.

Dagný Kristinsdóttir ritar fundargerð.